

Umræðuhópar og smiðjur

Hér er yfirlit yfir smiðjur og umræðuhópa á laugardegi og sunnudegi ásamt stuttum lýsingum.

LAUGARDAGUR	
14:00 - Smiðjur og umræðuhópar 1	15:00 - Smiðjur og umræðuhópar 2
Stefnumótun í alþjóðastarfi	Aukið aðgengi að Úlfjótuvatni
Sóknaráætlun BÍS	Sóknaráætlun BÍS
Upplýsingagjöf til skátafélaga	Fjármál og eignir félaga

SUNNUDAGUR	
10:00 - Smiðjur og umræðuhópar 3	11:00 - Smiðjur og umræðuhópar 4
Námskeið fyrir stjórnir Skátaskólinn	Námskeið fyrir stjórnir Skátaskólinn
Framtíðarsýn fyrir Úlfjótuvatn	Framtíðarsýn fyrir Úlfjótuvatn
Ný hvatamerki	Hamrar vetrarskátamiðstöð

Lýsingar á smiðjum og umræðuhópum

Laugardagur kl. 14 – Smiðjur og umræðuhópar 1

[Skoðum heiminn, stefnumótun í alþjóðastarfi - Alþjóðaráð](#)

Alþjóðaráð óskar eftir því að eiga samtalið við þau sem starfa í skátafélögum um alþjóðastarf og hvernig ráðið getur stillt sín verkefni af þannig að þau geti haft sem mest áhrif á innra starfið og aukið alþjóðastarf hjá ungmennum. Alþjóðaráð hvetur að minnsta kosti einn úr hverju félagi til að mæta svo við fáum sem flest sjónarmið.

[Sóknaráætlun stjórnar BÍS – stjórn BÍS \(líka í seinna holli\)](#)

Nú taka skátafélögin og stjórn BÍS höndum saman og blása til sóknar skátastarfs á Íslandi. Hvað verkbætti viljum við leggja áherslu á til að hvetja fullorðna til starfa í vor og til að taka á móti stærri hópi þátttakenda í haust.

[Upplýsingagjöf innan skátafyrirgjafarinnar - Erindrekar](#)

Ýmsar leiðir hafa verið farnar síðustu ár til að reyna og bæta upplýsingagjöf innan skátafyrirgjafarinnar. Við viljum eiga samtalið við skátaforingja og stjórnarfulk um það sem hefur verið gert, heyra hver upplifun þeirra hefur verið að því og miðla hvaða áskoranir við sjáum frá sjónarhóli regnhlífarinnar. Þannig viljum við kanna hvaða leiðir eru að virka og þarf að efla, hvaða leiðir virka jafnvel ekki og hvort fleiri og betri leiðir séu færar til að miðla upplýsingum til skátafélaga og jafnvel beint til skátanna sjálfa og

forráðafólks þeirra. Köfum dýpra ofan í hvaða leiðir séu færar í að miðla út upplýsingum til að einfalda öllum sín störf.

Laugardagur kl. 15 – Smiðjur og umræðuhópar 2

Aukið aðgengi að Úlfjótsvatn - Pani

Samtal við skátafélögin um hvernig hægt sé að gera staðinn aðgengilegri og eftirsóknarverðan áfangastað í ferðum skáta.

Sóknaráætlun stjórnar BÍS – stjórn BÍS (líka í fyrra holti)

Nú taka skátafélögin og stjórn BÍS höndum saman og blása til sóknar skátastarfs á Íslandi. Hvað verkþætti viljum við leggja áherslu á til að hvetja fullorðna til starfa í vor og til að taka á móti stærri hópi þátttakenda í haust

Fjármál og eignir félaga - Sigurgeir

Skátafélög á Íslandi eru í lúxusstöðu á heimsvísu þegar kemur að fjármálum og eignum félaga. Flest eiga þau eigið húsnæði að einhverju eða mestu leiti eða hafa samning við sveitarfélag sitt um tryggt aðgengi. Mörg félög eru með góða rekstrarstyrki og eiga góða sjóði. Það er samt ekki sjálfsgagt mál að hafa umsjón með eignum, peningum og búnaði með góðu móti þá virðast margir hika við að nýta þessa stöðu til að efla starf sitt. Í smiðjunni verður farið yfir góð verkfæri s.s. viðhaldsbækur, félagsgjaldamódel, leigusamninga á skálum og húsum. Ásamt lexíum um hvernig fólk hefur reynt og náð að nýta sér það sem félagið á til að efla starfið.

Sunnudagur kl. 10 – Smiðjur og umræðuhópar 3

Skátaskólinn, næsti fasi námskeiða – Fræðslustýra BÍS, Katrín Kemp

Skátaskólinn á gott ár að baki, leiðbeinendasveitin tók til starfa, aðstoðar- og sveitarforingjanámskeiðin reist við og kraft námskeiðin sett á laggirnar. Í næsta fasa Skátaskólans er stefnt að því að bjóða upp á skipulögð námskeið fyrir stjórnarmeðlimi sem verði hluti af námsskrá Skátaskólans til framtíðar. Okkur þykir mikilvægt að námskeiðin þjóni þeim hópi sem er ætlað að sækja þau og viljum því fá skoðanir fólks í þessum ábyrgðarstöðum á hverju þau telja slík námskeið þurfa að snerta.

Ný hvatakerfi og hvernig á að nota þau - Starfsráð og útilífsráð

Með nýrri viðbót hæða- og stikumerkja er verkfærakista foringjans orðin nokkuð myndarleg þegar þörf er á hvatakerfi. Í smiðjunni mun starfsráð og útilífsráð sameina krafta sína til að veita foringjum innblástur um hvernig skuli nota þessi nýju hvatamerki, hvernig megi vefja þeim saman við færnimerkin og hvernig allt kerfið er bundið saman af nýju könnuðarmerkjum dreka-, fálka- og dróttskáta.

Framtíðarsýn fyrir Úlfjótsvatn – stjórn BÍS og fráfarandi stjórn ÚSÚ (líka í seinna holti)

Úlfjótsvatn stendur á vissum tímamótum en stjórnun staðarins verður færð frá stjórn Úlfjótsvatns á hendur stjórnar BÍS. Fráfarandi stjórn skilaði á síðasta aðalfundi sínum

[skýrslu um stöðu húsnæðismála](#) en þar voru ýmsar tillögur lagðar fram um hvað hún teldi skynsamlegast að gera varðandi mörg húsa sem eru ýmist illa nýtt, þarfnast mikils viðhalds og eru dýr í rekstri. Fulltrúar stjórnar BÍS ásamt fráfarandi stjórn Úlfjótsvatn vill viðra þessar tillögur við fulltrúa skátahreyfingarinnar og heyra álit á þessum tillögum. Út frá niðurstöðum þessa umræðuhóps er vonast til að hægt sé að koma á teyllum áhugasamra skáta kringum einhver verkefna og ná betur um stöðuna.

Sunnudagur kl. 11 - Smíðjur og umræðuhópar 4

Skátaskólinn - Fræðslustýra BÍS, Katrín Kemp

Á áætlun Skátaskólans er að bjóða upp á skipulögð námskeið fyrir stjórnarmeðlimi sem verði hluti af námsskrá Skátaskólans til framtíðar.

Okkur þykir mikilvægt að námskeiðin þjóni þeim hópi sem er ætlað að sækja þau og viljum því fá skoðanir fólks í þessum ábyrgðarstöðum á hverju þau telja slík námskeið þurfa að snerta.

Framtíðarsýn fyrir Úlfjótsvatn – stjórn BÍS og fráfarandi stjórn ÚSÚ (líka í seinna holti)

Úlfjótsvatn stendur á vissum tímamótum en stjórnun staðarins verður færð frá stjórn Úlfjótsvatns á hendur stjórnar BÍS. Fráfarandi stjórn skilaði á síðasta aðalfundi sínum skýrslu um stöðu húsnæðismála en þar voru ýmsar tillögur lagðar fram um hvað hún teldi skynsamlegast að gera varðandi mörg húsa sem eru ýmist illa nýtt, þarfnast mikils viðhalds og eru dýr í rekstri. Fulltrúar stjórnar BÍS ásamt fráfarandi stjórn Úlfjótsvatn vill viðra þessar tillögur við fulltrúa skátahreyfingarinnar og heyra álit á þessum tillögum. Út frá niðurstöðum þessa umræðuhóps er vonast til að hægt sé að koma á teyllum áhugasamra skáta kringum einhver verkefna og ná betur um stöðuna.

Hamrar vetrarskátamiðstöð – Jóhann Malmquist stjórnarmaður Hamra

Frá því að Hamrar, útlífsmiðstöð skáta tóku til starfa árið 2000 hefur megin markmið rekstursins verið að byggja upp aðstöðu sem eflir skátastarf landsins. Þó stærðsu viðburðirnir sem hafa verið haldnir á staðnum séu landsmót skáta þá hafa Hamrar í gegn um tíðina reynt að bjóða upp á aðstöðu til skátastarfs á breiðum grunni. Það er trú okkar að Hömrum að mikil tækifæri séu í að gera meira og betur. Einn liðurinn í því er styrkja fræðslu og upplifun skáta á vetrarskátun. Í þessari smíðju verður farið yfir það hvernig Hamrar í samstarfi við Skíðasamband skáta geta komið að því að auka þekkingu og áhuga á vetrarskátun og hvað og hvernig félögin í landinu geta nýtt sér það. Einnig er tækifæri á að ræða hvað fleira Hamrar, útlífsmiðstöð skáta á Akureyri getur gert til aðfélögin geti nýtt sér aðstöðuna og stuðla að meira og betra skátastarfi á landinu.